

Ályktun um fyrirhugaða hækkun virðisaukaskatts á baðlón

Árสปing SSNE lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirhuguðum hækkunum virðisaukaskatts á baðlón og sambærilega baðstarfsemi. Slíkar breytingar geta haft veruleg áhrif á samkeppnishæfni, fjárfestingar og atvinnusköpun í ferðaþjónustu, ekki síst á landsbyggðinni.

Á Norðurlandi eystra hafa Earth Lagoon við Mývatn, GeoSea á Húsavík og Skógarböðin við Akureyri verið lykilverkefni í uppbyggingu heilsársferðaþjónustu. Fyrirtækin hafa skapað fjölda starfa, aukið verðmætasköpun og styrkt rekstrargrundvöll fjölmargra annarra fyrirtækja á svæðinu. Ekki síst hafa þau stuðlað að fjölgun og eflingu heilsársstarfa, sem eru ein mikilvægasta forsenda sjálfbærrar byggðaþróunar og búsetu á landsbyggðinni.

Árสปingið telur mikilvægt að skattlagning ferðaþjónustu taki mið af byggðasjónarmiðum og raunverulegum áhrifum á atvinnu og fjárfestingu utan höfuðborgarsvæðisins. Veruleg hækkun virðisaukaskatts á þessa starfsemi getur dregið úr uppbyggingu, seinkað frekari fjárfestingum og haft neikvæð áhrif á heilsársrekstur og störf í þeim byggðarlögum sem mest reiða sig á ferðaþjónustu.

SSNE skorar því á ríkisstjórn og Alþingi að endurskoða fyrirhugaðar breytingar og tryggja að skattastefna ríkisins styðji við áframhaldandi uppbyggingu verðmætra starfa og sjálfbærrar ferðaþjónustu um land allt, þar á meðal á Norðurlandi eystra.